

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 55/2007

frá 8. júní 2007

um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðs toð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 29/2007 frá 27. apríl 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinn fyrirtækja (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/111/EB falla úr gildi tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE ⁽³⁾, 85/413/EBE ⁽⁴⁾, 93/84/EBE ⁽⁵⁾, 2000/52/EB ⁽⁶⁾ og 2005/81/EB ⁽⁷⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XV. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 1a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE) skal endurtölusettur 1aa.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE):
„1a. **32006 L 0111**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinn fyrirtækja (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 52, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 195, 29.7.1980, bls. 35.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 229, 28.8.1985, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 254, 12.10.1993, bls. 16.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 193, 29.7.2000, bls. 75.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 312, 29.11.2005, bls. 47.

- a) Hugtakið „framkvæmdastjórnin“ skal lesa sem „lögbært samkeppnisyfirvald í skilningi 62. gr. EES-samningsins“.
- b) Hugtakið „viðskipti milli aðildarríkjanna“ skal lesa sem „viðskipti milli samningsaðila“.

3. Textinn í 1. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/723/EBE) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/111/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.